

- 109 14. maí XI. Á eftir C. 6 bætist nýr liður:
Þverárfjalls- og Gönguskarðavegur: Frá Skagastrandarvegi utan við Laxá um Norðurárdal, Þverárfjall, Laxárdal ytri, Laxárdalsheiði og Gönguskörð til Sauðárkróks.
- XII. Á eftir C. 10 bætist nýr liður:
Hólavegur: Frá Hofsósvegi að Hólum í Hjaltadal.
- XIII. C. 11 orðist svo:
Eyjafjarðarbraut: Frá vegamótum sunnan Akureyrar að Jórunnarstöðum, ásamt brautinni að Kristnesi.
- XIV. Á eftir C. 12 bætast nýir liðir:
- a. *Hjalteyrarvegur*: Frá Dalvíkurvegi hjá Skriðulandi í Arnarneshreppi til Hjalteyrar.
 - b. *Hörgárdalsvegur*: Frá vegamótum hjá Bægisá að Hörgárbrú í Skuggahvammi.
 - c. *Árskógssandsvegur*: Frá Þorvaldsdalsárbrú að Árskógssandi.
 - d. *Bárðardalsvegur*: Frá Fosshól austan Skjálfandafljóts að Sandvík í Bárðardal.
 - e. *Grenjaðarstaðarvegur*: Frá Norðurlandsvegi í Aðaldal, yfir Laxárbrýr hjá Grenjaðarstað.
 - f. *Hvamsheiðarvegur*: Frá Laxá hjá Brúum yfir Hvamsheiði að Hveravöllum í Reykjahverfi.
- XV. Á eftir C. 15 komi nýr liður:
Axarfjarðarheiðarvegur: Frá Kópaskersvegi hjá Klifshaga um Hrauntanga, að Raufarhafnarvegi hjá Svalbarði.
- XVI. Á eftir D. 10 komi nýir liðir:
- a. *Skóga- og Fljótsdalsvegur*: Frá Austurlandsvegi hjá Úlfsstöðum á Völlum, um Skóga, Hallormsstað, Víðivelli, yfir Kelduá, um Langhús að væntanlegri brú á Jökulsá.
 - b. *Breiðdalsvíkurvegur*: Frá Austurlandsvegi hjá Eydölum í Breiðdal til Breiðdalsvíkur.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

110
30. maí

UMFERÐARLÖG

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi og reglugerðir, er settar verða samkvæmt þeim, gilda um hverskonar umferð á alfaravegum og götum, svo og á einkavegum, eftir því sem við á og eftir þeirri venju, sem verið hefir.

Dómsmálaráðherra hefir yfirstjórn umferðarmála.

2. gr.

Skýlt er öllum að sýna varúð við umferð á vegum og götum og gæta þess að trufla ekki eða tefja að óþörfu umferð né ónáða þá, sem dvelja eða eiga heima þar nálægt, svo og að fylgja í öllu reglum þeim og fyrirskipunum, er lögreglan setur.

110

30. maí

II. KAFLI

Akstur.

3. gr.

Ökutæki nefnist í lögum þessum hvert það flutningatæki, sem rennur á hjólum og notað er á vegum, svo og hestasleðar.

Öll ökutæki skulu vera traust og í fullkomnu lagi, svo að örugg séu þeim, er þau nota, og öðrum stafi ekki hætta af.

4. gr.

Ökumaður er hver sá, er stjórnar ökutæki.

Sérhver ökumaður skal vera líkamlega og andlega fær um að stjórna ökutæki því, er hann fer með, svo sem hvorki of þreyttur eða undir áhrifum áfengis.

Ökumaður ber ábyrgð á, að ökutæki hans sé í fullkomnu lagi, sbr. 3. gr. Hann skal hafa góða útsýn úr sæti sínu fram eftir vegi og til hliðar. Ökumaður má ekki aka hraðar en svo, að ökutæki hans geti engin hætta stafað af, né truflun eða hætta annari umferð. Hann skal jafnan hafa fullt vald yfir ökutækinu og geta stöðvað það snögglega, ef með þarf.

5. gr.

Skýlt er ökumanni að fylgja leiðbeiningum eða fyrirskipunum, sem gefnar eru með umferðarmerkjum, er vegamálastjórnin eða lögreglan setur upp við veg eða götu.

Gerð slíkra merkja skal vera sú sama um allt land og ákveðin af dómsmálaráðherra í samræmi við alþjóðasamþykktir, eftir því sem við verður komið.

6. gr.

Ökumenn skulu halda sér hægra megin á akbraut, eftir því sem við verður komið og þörf er vegna annarar umferðar. Þeir skulu víkja greiðlega til hægri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa fram fyrir sig á vinstri hönd þeim, sem fram úr vilja, sbr. þó ákvæði 13. gr. um gangandi menn.

7. gr.

Þegar tveir ökumenn stefna svo, að leiðir þeirra skerast, skal sá víkja, sem hefir hinn á hægri hönd, en þó skal sá, er kemur frá hægri, gæta fyllstu varúðar.

Ráðherra, er fer með vegamál, getur ákveðið, að fengnum tillögum vegamálastjóra, að tilteknir vegir skuli teljast aðalbrautir, er njóti þess forréttar, að umferð bifreiða og annara ökutækja frá vegum, er að þeim liggja, skuli skilyrðislaust víkja fyrir umferð aðalbrautar, eða staðnæmast áður en sveigt er inn á aðalbraut, ef þess er þörf.

Lögreglustjóri getur, að fengnum tillögum bæjarstjórnar eða sveitarstjórnar, tekið sömu ákvörðun um götur í kaupstað eða kauptúni.

Skal jafnan setja upp sérstök merki við greind vega- og gatnamót.

8. gr.

Óheimilt er, nema að fengnu leyfi vegamálastjóra eða lögreglustjóra í hvert sinn, að flytja á ökutæki hlass eða einstaka hluti, sem að stærð eða fyrirferð eru þannig, að truflað geti aðra umferð eða valdið sérstakri hættu eða skemmdum eða hindrað ökumann í að gefa lögmælt varúðarmerki.

110

30. maí

9. gr.

Ef umferðarslys vill til, sem ökumaður eða annar vegfarandi á hlut að, skal hann nema staðar og hjálpa þeim, sem slasast hefir, ef þörf gerist, án tillits til þess, hvort hann á nokkra sök á slysinu eða ekki. Sama skylda um hjálp hvílir og á öðrum viðstöddum.

Hver sá, sem viðriðinn er slysið á einhvern hátt eða hefir verið sjónarvottur að því, skal, ef einhver óskar þess, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi. Eigi má hann hverfa af vettvangi fyrr en þær ráðstafanir eru gerðar, sem slysið gefur tilfni til. Ef orðið hefir meiðsl á mönnum eða dýrum, eða skemmdir á ökutækjum eða öðru, skal hann, svo fljótt sem því verður við komið, sjá um, að næstu lögreglu verði skýrt frá slysinu.

10. gr.

Um akstur og umferð bifreiða gilda ákvæði bifreiðalaganna auk hér settra almennra ákvæða.

11. gr.

Ökumaður reiðhjóls skal jafnan hafa aðra eða báðar hendur á stýrinu og báða fætur á fótstigum.

Hjólreiðamanni er óheimilt að hanga í öðru ökutæki á vegum eða götum. Óheimilt er að flytja farþega á reiðhjóli. Þó má barn yngra en 6 ára sitja framan við ökumann, ef sérstaklega er um búíð. Bannað er að aka á reiðhjóli á gangstéttum eða yfir þær.

Framan á hverju reiðhjóli skal vera bjalla til þess að gefa með hljóðmerki, svo og ljósker, er sýni hvítt ljós frá því hálf tími er liðinn frá sólsetri og þar til hálf tími er til sólaruppkomu. Óheimilt er að nota bjölluna, nema þegar umferðin gefur tilefni til þess.

Á hverju reiðhjóli skal vera hæfilega sterkur hemill.

Heimilt er að ákveða í reglugerð, að aftan á hverju reiðhjóli skuli vera rautt gler, þannig sett, að bifreiðarstjóri, er kemur aftan að hjólinu, geti séð greinilegan glampa, eða að þar skuli vera annar umbúnaður í varúðarskyni.

Heimilt er að setja í reglugerð eða lögreglusamþykkt ákvæði um, að lögreglustjóri skuli skrásetja og merkja öll reiðhjól og um sérstakt skrásetningargjald.

III. KAFLI

Umferð með hestvagna, hesta og fénað.

12. gr.

Ríðandi menn skulu fara dreift á vegi og varlega, sérstaklega þar, sem vænta má að bifreiðar séu á ferð eða gangandi menn. Heimilt er að reka lausa hesta og stórgripa á vegi utan þéttbýlis. Heimilt er að teyma hesta bundna saman, en taglhnýting hesta og stórgripa er bönnuð á vegum. Heimilt er að hnýta allt að þrem hestvögnum hverjum aftan í annan, en skylt er ökumanni að sýna sérstaka varúð og jafnvel víkja út af vegi, ef þörf er og við verður komið, til þess að hleypa bifreiðum framhjá. Bannað er að skilja eftir á vegi lausa hesta eða fyrir kerru.

Ríðandi menn og menn með lausa hesta eða fyrir kerru eða annan fénað skulu halda sér hægra megin á vegi eða götu, eftir því sem við verður komið og þörf er vegna annarar umferðar. Þeir skulu víkja fyrir annari umferð og hleypa fram fyrir sig á sama hátt og greinir í 6. gr. um ökumenn.

Heimilt er að reka sauðfé eftir vegi, en fylgja skulu rekstrinum nægilega margir gæzlumenn, til þess að fénu verði vikið fljótt og greiðlega út af veginum, er með þarf vegna annarar umferðar.

IV. KAFLI
Umferð gangandi manna.

110
30. maí

13. gr.

Gangandi menn skulu nota gangstétt, eftir því sem við verður komið, þar sem hún er meðfram akbraut. Af gangstétt er aðeins heimilt að ganga þvert yfir akbraut.

Öðrum en gangandi mönnum er óheimilt að nota gangstétt. Þó má fara um gangstétt með barnavagn og barnasleða.

Þar, sem engin gangstétt er, skulu gangandi menn gæta sérstakrar varúðar og halda sér utarlega á akbrautinni og við vinstri brún hennar, þegar því verður við komið, en jafnan víkja greiðlega fyrir ökutækjum og riðandi mönnum yzt út á sömu vegbrún og gengið er við, eða út af vegi, ef þörf er og því verður vel við komið.

Gangandi menn skulu halda sér hægra megin á gangstétt og jafnan víkja til hægri hver fyrir öðrum.

V. KAFLI

Um refsingu, gildistöku laganna o. fl.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, er settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, eða varðhaldi eða fangelsi, ef sérstaklega miklar sakir eru.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

15. gr.

Dómsmálaráðherra setur að öðru leyti með reglugerð nánari ákvæði um umferð. Heimilt er að setja þar reglur um umferðarfræðslu og um ráðstafanir til eflingar umferðarmenningu í landinu.

Í kaupstöðum og kaupúnum má í lögreglusamþykktum setja sérreglur um umferð.

16. gr.

Kostnað við að gera breytingar þær á almenningsvögnum, sem ráðherra telur nauðsynlegar beinlínis vegna ákvæða laga þessara um breytingar á nügildandi umferðarstefnu, skal greiða úr ríkissjóði að hálfu, samkvæmt reglum, er ráðherra setur.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1941.

Með lögum þessum er úr gildi numin 50. og 52. gr. vegalaga, nr. 64 19. júní 1933.

Ákvæði lögreglusamþykktu um umferð gilda áfram að svo miklu leyti, sem þær fara ekki í bága við lög þessi eða unz öðruvísi verður ákveðið.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.